



Hér með boðar bæjarstjórn Vesturbyggðar til grenndarkynningar vegna óverulegrar breytingar á deiliskipulagi fyrir hafnarsvæði á Bíldudal í samræmi við ákvæði 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

### Breyting

Breyting á deiliskipulagi sem unnið var af Fjölsviði ehf árið 2012 og samþykkt í bæjarstjórn þann 16. janúar 2013 er að hluti lóðar Strandgötu 2 og Hafnarteigs 4 verði sameinaðar í eina. Heildarstærð lóðar Hafnarteigs 4 verður því u.þ.b. 28.138 m<sup>2</sup> í stað 26.458 m<sup>2</sup>. Hluti lóðar að Strandgötu 2 fellur til sveitarfélags, u.þ.b. 320m<sup>2</sup>, með fyrirvara um nýtingarrétt.



Mynd -1. Uppdráttur fyrir breytingu.



Mynd -2. Uppdráttur eftir breytingu.

Skipulags- og umhverfisráð bókaði á 34.fundi sínum þann 15.05.2017 að grenndarkynna tillögu að breytingu á deiliskipulagi hafnarsvæðis á Bildudal frá 2013.

Frestur til að skila athugasemdum og ábendingum er 4 vikur, þ.e. til og með 11.október 2017. Litið verður svo á að þeir sem ekki gera athugasemdir séu samþykkir fyrirhugaðri framkvæmd. Grenndarkynningin verður kynnt á opni húsi og verður það auglýst síðar.

Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu Vesturbyggðar á opnunartíma skrifstofunnar. Fyrirsurnir má einnig senda á netfangið [vesturbyggd@vesturbyggd.is](mailto:vesturbyggd@vesturbyggd.is).

Athugasemdom má skila á [vesturbyggd@vesturbyggd.is](mailto:vesturbyggd@vesturbyggd.is) eða í bréfpósti, þá merkt:

Vesturbyggð  
Aðalstræti 63  
450 Vesturbyggð

Athugasemdom skal skila inn fyrir miðvikudaginn 11.október 2017.